

Fundur hjá foreldrafélagi grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla 10. sept 2018

Á Lárinni kl. 14.00

Mættar eru Auður, Eva, Elva, Tinna, Jóhanna og Sigga sem ritar fundargerð.

Skólaráð og fræðslunefnd: Elva hefur ekki tök á því að mæta á alla fundi hjá skólaráði og fræðslunefnd. Fræðslunefndarfundir eru 4. þriðjudag í mánuði og fundir hjá skólaráði eru u.þ.b. 6 sinnum á ári. Við verðum að skipta þessu á milli okkar. Tinna ætlar að sjá um að boða okkur eftir þörfum.

Ærslabelgurinn: í samstarfi við foreldrafélag leikskólans. Eva ætlar að taka ærslabelginn að sér fyrir okkar hönd. Hún sér um að tala við bæinn, Huginn, skólann. Ef bær og skóli eru samþykkt því að fá belginn þá þarf að skoða með mótframlag frá Huginn og bænum. Það eru ekki nema 300.000kr sem Alcoa hefur styrkt, svo við þurfum sennilega að sækja um styrki til fleiri aðila eins og Lion og SVN.

-Hvernig getum við stutt við skólann:

Í vetur verður áhersla á forvarnir og tengls foreldra og barna í skólanum. Í tengslum við forvarnir kemur LungA upp, það sé ósamræmi á milli útivistartíma og aldurs þeirra sem geta sótt tónleikana. Ákveðið að geyma LungA-umræðuna þangað til eftir endurgjafarfundinn með LungA-stjórnendum.

Heilsueflandi skóli og samfélag:

Umræða fór fram um Heilsueflandi skóla og samfélag. Börnin okkar eru að þyngjast, börnum í yfirþyngd fjölgar. Matarræði og hreyfing hefur mikið að segja þar. Mögulega þarf að endurskoða matseðil mötuneytisins, með tilliti til þessa. Og hvetjum við til þess að íþróttaval á unglingsstigi verði í boði á öllum önnum skólaársins. Skoða má samvinnu við forvarnarfulltrúa varðandi fræðslu.

Bekkjarfundir:

-foreldrasáttmálinn, Tinna ætlar að panta plakötin. Kynnum hann á bekkjarfundum og fáum foreldra til að skrifa undir.

-Tenglar; halda tenglafund í haust. Ræða um mikilvægi samstarfs heimilis og skóla. Tilkynna tenglum á bekkjarfundum, þú ert tengill, það verður fundur, þú átt að mæta!

Vinahópa fyrir yngsta stigið.

Hvetja foreldra á bekkjarfundum til að hafa samband við okkur og miðla hugmyndum og við viljum gjarnan styðja foreldra til að framkvæma góðar hugmyndir.

-Frístund og tómstund fyrir börn-og unglinga. Hvað er í boði og hverju mætti bæta við? Í 33. gr grunnskólalaga segir að bænum beri að tryggja framboð um frístund- og tómstund. Vekja upp samtalið á bekkjarfundum.

Skólasetlið, sendum erindi til skólastjórnenda og fræðslunefndar og leggjum til að lengdaviðveran verði til kl. 16 eins og í nágretta sveitafélögum (sbr. Tillaga fra Tinnu:

„Foreldrafélag grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla hvetur bæjaryfirvöld og skólastjórnendur til að lengja dvalartímann í Skólaseli til kl. 16:00, sem gerir foreldrum og forráðamönnum kleift að vinna fulla vinnu og er sambærilegt þjónustu nágrannasveitarfélaga”).

Örnámskeið: Komin að minnsta kosti ein hugmynd um lóðunarnámskeið. Er hægt að bjóða upp á skáknámskeið? Setja inn á foreldrasíðuna hvort eitthvert foreldri vilji kenna skák eða eitthvað annað spennandi og skemmtilegt? Nemendafélag rafmagnsverkfræðinema ætlar að koma í skólann í vetur.

Félagsmiðstöð/nemendaráð:

Hrekkjavaka/myrkraball verður á okkar könnu, en við hvetjum for.fél leikskólans til að halda utan um viðburðinn „*Ljósín tendruð á jólatrénu!*” Nemendaráð, við viljum halda áfram að styðja það eins vel og við getum.

Umferðaöryggi; Kemur aftur upp, er meira knýjandi núna vegna umferðagötunnar sem liggur á miðri skólalóð. Ég set inn erindi sem sent var á fræðslunefnd 13. maí 2014, sjá fyrir neðan.

Aðalatriðið núna er auðvitað að við höfum alvarlegar athugasemdir við skólalóðina og það verði að gera úrbætur! Það er ekki í lagi að skólalóðin sé umferðagata! Það verður að klára þetta mál fljótt og vel.

Erindi sent fræðslunefnd í maí 2014:

Umferðaröryggi, Seyðisfjörður 13. maí 2014

Fræðslunefnd Seyðisfjarðar

Erindi; Öryggi barna í umferðinni á leið í og úr skóla.

Foreldrafélagi Seyðisfjarðarskóla hafa borist ábendingar um að öryggi barna í umferðinni sé á nokkrum stöðum ábótavant, það vanti t.d. gangstéttar og gangbrautir á gönguleið barna á leið í skólann. Foreldrar hafa af því talsverðar áhyggjur að á fjölförnum götum og á gönguleiðum barna í skólann séu ekki gangbrautir og á löngum köflum séu engar augljósar gönguleiðir fyrir börn á leið í skóla og frístundir og af því geti skapast töluverð hætt. Vonast foreldrar eftir að fljótlega verði farið í úrbætur á þessu og óska eftir samráði þegar farið verður í úrbætur á gönguleiðum í bænum.

Virðingafyllst,

Fyrir hönd foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla